

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám  
án undangengins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. máls-  
gr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttar-  
lögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Stofn-  
unin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal  
hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfir-  
heyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera  
heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmíðir  
ásamt aðstoðarfólki.

## 2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90%  
af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

## 3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lög-  
um nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar-  
og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfs-  
menn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.